

Sp.

273. Tillaga til þingsályktunar

[146. mál]

um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson, Bjarni Guðbjörnsson, Tómas Árnason, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem sett geta viðunandi tryggingu, verði veitt í samræmi við þær lágmarksreglur, sem nú skal greina:

- a) Fyrirtækin fái víxlasöluheimild (víxilkvóta) til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu þeirra fyrirtækja, sem selja vörur sínar í heildsölu til dreifingaraðila.
- b) Auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánnum (hlaupareikningsyfirdrátt), er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis.

Að því er varðar báða ofangreinda liði, skal miðað við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslur s. l. tvö ár.

Greinargerð.

Hinn 19. september s. l. ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að skipa sérstaka atvinnumálanefnd. Verkefni þessarar nefndar skyldi vera að fylgjast með atvinnu- málum borgarinnar og gera tillögur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Nefndin hóf störf nokkru síðar og skilaði tillögum um ýmsar ráðstafanir til atvinnuaukningar hinn 19. des. M. a. gerði nefndin tillögur um rekstrarfjármagn til iðnaðar. Meginatriði framangreindrar tillögu til þingsályktunar eru byggð á þessum tillögum atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar.

Í álitni nefndarinnar segir, að verulegur hluti verksmiðjuiðnaðarins, en að honum starfi um 5000 manns, húi við mikla rekstrarfjárerfiðleika — „svo mikla, að áætla má, að þessi iðnaður dragist verulega saman á næstunni, ef ekki raknar úr um fjáröflun“. Nefndin bendir á, að gengisfellingin hafi aukið rekstrarfjárerfiðleikana. Nefndin telur mikilvægt, að iðnfyrirtæki geti treyst á ákveðna fyrirgreiðslu hjá lánastofnunum og þannig verði eytt þeirri óvissu, sem þau eigi nú við að búa á lánamarkaðnum. Nefndin gerir því tillögur um þær lánareglur, sem greindar eru í framangreindri tillögu til þingsályktunar, og telur þær mundu stuðla að öryggi á þessu sviði.

Þar sem iðnfyrirtækin hafa enn ekki fengið neinar teljandi úrbætur í þessum efnum — nema þá örfá þeirra — og ekki enn horfur á, að slíkar almennar úrbætur fáiast í náinni framtíð án ihlutunar Alþingis, þykir óhjákvæmilegt að gera þessar tillögur atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar að sérstöku þingmáli. Það skal jafnframt tekið fram af hálfu flutningsmanna, að lítið er á þessar tillögur sem bráða- birgðalausn og að koma beri rekstrarlánamálum iðnaðarins í miklu traustara og fullkomnara horf.